

## Lyfjanefnd ÞÍH - Annar fundur 7.apríl 2021 kl 14-15

Fundinn sóttu Jón Steinar Jónsson, Hannes Hrafnkelsson, Gunnlaugur Sigurjónsson, Arna Þórdís Árnadóttir, Anna Bryndís Blöndal og Guðný Friðriksdóttir í gegnum Teams.

Boðuð dagskr:

1. Fundur með lyfjanefnd LSH
2. Hagsmunaskráning
3. Lyfjalistar, staðan, næstu skref, skipulag
4. Örug og skynsamleg ávísun og notkun lyfja

Lyf án skaða – WHO verkefni, leitt af EL

Tilfærsla milli deilda, stofnana - Transition of care

Fjöillyfjameðferð

Há áhættu lyfjameðferð

Lyfjarýni – verklag

Skömmtunarlyfseðlar – reglugerð um skömmtun lyfja

Lyfjum hætt – deprescribing

Miðlægt lyfjakort

Strama

Ávanabindandi lyf

Milliverkanaforrit tengt Sögu

Kynning nýrra lyfja – Lyfjastofnun póstlisti

Sérlyfjaskrá – framsetning

Klínískir lyfjafræðingar í heilsugæslu

5. Önnur mál

Formaður setti fund og gengið var til dagskrár.

1. Jón Steinar og Anna Bryndís áttu nýlega fund með fulltrúum Lyfjanefndar LSH þar sem rætt var um samstarf nefndanna. Vilji til samstarfs við gerð lyfjalista sem yrði sameiginlegur.
2. Hagsmunaskráning í vinnslu. Lögfræðingar bæði frá Heilsugæslu og LSH í málinu. Lyfjanefnd LSH vinnur áfram með málið og mun koma með tillögu að slíkri skráningu sem báðar nefndirnar geta nýtt.
3. Lyfjalistar.
  - a. Nefndin sammála um ávinning að því hafa sameiginlegan lista með LSH

- Fyrirmynd að lyfjalistum eru aðallega lyfjalistar ýmissa léna í Svíþjóð, sérstaklega frá Stokkhólmi. Útfærsla lyfjalista hérlendis þarf þó að vera einfaldari.
  - Gert ráð fyrir að ÞÍH ráði „flakkara“ eða lækna í afmarkaðan tíma, til að vinna að tilteknum verkefnum á lyfjalistanum.
  - Nefndin sammála um mikilvægi þess að tekið sé tillit til verða á á lyfjum við gerð listans.
  - Formaður kynnti lauslega uppköst að þeim lyfjaflokkum sem þegar hefur verið unnið með hjá ÞÍH og eru nú aðgengileg nefndinni. Jafnframt rætt um næstu skref í þeirri vinnu m.a. geðlyf og beinþynningarlyf og ákveðið að formaður og varaformaður vinni að því að fá lækna til að byrja með í þessi verkefni. Jafnframt rædd hugmynd að því að ráða aðila til að þýða ákveðna kafla í sænskum lyfjalista til að auðvelda vinnu viðkomandi læknis
  - Rætt um að virkja landsbyggðina til þátttöku í þessu verkefni og ákveðið að Guðný kanni möguleika á aðkomu læknis af landsbyggð
4. Örug og skynsamleg ávísun og notkun lyfja.
- Fjölmörg verkefni í gangi sbr dagskrá
  - Lyf án skaða -WHO verkefni leitt af Embætti landlæknis
    - Tilfærsla milli deilda, stofnana – transition of care.
    - Fjölyfjameðferð
    - Há áhættu lyfjameðferð.
  - Miðlægt lyfjakort
    - Er í vinnslu og verður aðgengilegt öllum.
    - Enginn tímarammi, vitum ekki hvenær þetta verður sjósett. Innleiðingin verður mikilvægt viðfangsefni sem við ættum að hafa skoðun á.
    - Lagt til að Miðlægt lyfjakort verði kynnt fyrir lyfjanefndum ÞÍH og LSH.
  - Ávanabindandi lyf.
    - Forum fundur verður 14.apríl n.k.um lyfseðilsskyld ávanabindandi lyf. Óþjóða, kvíðastillandi lyf og svefnlyf. Fundurinn er hugsaður sem upptaktur að ferli sem hefur það að markmiði að stuðla að skynsamlegri ávísun lyfja með ávanahættu
    - Fjallað verður um langvinna verki og meðferð við þeim
    - Kynntar verða tölur um þróun ávísana á Íslandi og í samanburði við hin Norðurlöndin.
    - Kynnt verður nýtt verkfæri um niðurtröppun kvíðastillandi lyfja og svefnlyfja
    - Kynnt verður verlag á Heilbrigðisstofnun Vesturlands varðandi endurnýjun á þessum lyfjum.

Næsti fundur ákveðinn 12.maí kl 14-15.Fleira ekki tekið fyrir og fundi slitið klukkan 15.00